




## Slysavarnir 1-3 ára barna

### Fall

Kennið barninu að fara upp og niður stiga þegar aldur og þroski barnsins leyfir.

Setjið öryggislæsingar á alla glugga sem tryggja að glugginn opnist ekki meira en 9 cm. Þetta á einnig við um bil milli rimla í rúmi og í stiga- og svalahandriðum.

Leyfið barni aldrei að standa í eða hanga utan á innkaupakerru. Það á einungis að sitja í þar til gerðu sæti og aldrei að vera í vöruhluta kerrunnar. Notið ávallt beisli til að festa barnið við sætið.



### Brunaslys

Gætið þes að barnið togi ekki í matarlát á borði sem innihalda heitan mat eða vökva.

Notið aftari hellur á eldavél eða snúið handföngum og sköftum að vegg, eða notið öryggishlíf á eldavélina.

Hitastýrð blöndunartæki í baðkari/sturtu og í vöskum eru nauðsynleg á heimilum þar sem börn eru.

Hafið logandi kerti, kveikjara og eldspýtur þar sem barn nær ekki til.



## Slysavarnir 1-3 ára barna

### Köfnun

Brýnið fyrir barni að sitja kyrrt á meðan það borðað.  
Leyfið því ekki að hlaupa um með mat í munnum.


Ekki er æskilegt að börn borði í bíl.

Fjarlægjið smáhluti sem eru hættulegir fyrir barnið.

Gefið börnum ekki hnetur og annað sem getur auðveldlega staðið í þeim.

Fylgist vel með barninu í klifurleikjum. Gætið að því að hálsmál, hettur eða reimar festist ekki í leiktækjum.

Gætið að því að barnið leiki sér ekki með snúrur, bönd og hangandi lykkjur. Fjarlægjið reimar og bönd úr fatnaði.




### Skurðir og mar

Setjið fingravini á hurðir til að koma í veg fyrir klemmuslys.

Festið hillusamstæður, fataskápa, kómmóður við vegg. Ef barn klifrar í þessum húsgögnum geta þau fallið yfir þau.

Geymið hættulega hluti, þunga og beitta, þar sem barnið nær ekki til.

Setjið öryggisgler eða öryggisfilmu á gler í hurðum, og borðum sem er í hæð barnsins.





## Slysavarnir 1-3 ára barna

### Drukknun

Barn á þessum aldri getur drukknað í 2-5 cm djúpu vatni.


Fylgist vel með börnum ef þau fá að leika sér í vatni. Víkið aldrei frá þeim.

Treystið ekki eingöngu á sundkennslubúnað, s.s. armakúta eða sundjakka. Fylgist alltaf vel með barninu.

Tæmið alltaf vaðlaugar og fötur eftir notkun.

Látið barn aldrei leika sér eitt í setlaug (heitum potti) og setjið alltaf öryggislok yfir hana strax eftir notkun.

Látið barn aldrei leika sér eitt nálægt pollum eða vatni.



### Eitranir

Geymið efni og lyf í læstum hirslum þar sem börn ná ekki til.

Geymið öll efni í upphaflegum umbúðum til að fyrirbyggja misskilning.

Geymið ekki lyf í handtöskum eða í náttborðinu.

Kannið hvort plöntur á heimilinu og í garðinum séu eittraðar. Tryggið að börn komist ekki í þær.

Hafið númer Neyðarlínunnar **112** við öll símtæki á heimilinu.



## Slysavarnir 1-3 ára barna

### Útivera

Kannið vel að barnavagninn eða kerran sé stöðug og með góðum hemlum. Setjið endurskinsmerki á vagninn og kerruna.

Leiðið barnið alltaf eða notið úlnliðsbeisli.

Fylgist alltaf með börnum að leik. Gætið þess að leikumhverfi þeirra sé öruggt.


Látið barn alltaf ganga sem lengst frá götunni, ekki við gangstéttarbrúnina.

Kennið barninu einföld atriði varðandi umferðarreglur meðan þið eruð á gangi.

Notið góðan og traustan búnað þegar hjólað er með barn. Klæðið barn vel og notið reiðhjólahljál.

### Öryggisbúnaður fyrir barn í bíl

Ef barnið er að verða vaxið upp úr barnabílstól númer tvö, hugið þá að því að kaupa sessu með baki sem er næsti öryggisbúnaður sem barnið þarf að nota.



Börn á þessum aldri geta sjálf valdið slysum. Það er því mikilvægt að foreldrar fylgist ávallt vel með barninu og tryggi að umhverfi þess sé öruggt.